



Fundur með Tengi ehf.

Íbúafundur verður haldinn mánudaginn 21. september kl. 20:00 í Valsárskóla. Fulltrúi Tengis mun fjalla um ljósleiðaramál, sitja fyrir svörum og jafnframt kynna fyrirhugaðar framkvæmdir í Laugartúni og Smáratúni. Íbúar Svalbarðsstrandarhrepps eru hvattir til að mæta og kynna sér málið.

Haustöfnun sundlaugar 2015

Sundlaugin verður opin tvisvar í viku frá og með 15. september til og með 17. október. Opnunartíminn verður á þriðjudögum kl. 17-22 og laugardögum kl. 11-15.

Skrifstofa Svalbarðsstrandarhrepps.

Svalbarðssókn

Fermingarstarfið í vetur hefst með kynningarsamveru í Laufási laugardaginn 19. september kl. 12-17. Fundur með foreldrum í lokin kl. 16.30.

Fyrsti sunnudagaskólinn verður í Svalbarðskirkju sunnudaginn 20. sep. kl. 11.00

Kirkjuskóli verður annan hvern miðvikud. í vetur strax eftir skólatíma og hefst 23. sep. 1.-4. bekkur er kl. 13.30-13.20 og 5.-7. bekkur er kl. 14.30-15.20. Athugið að börn sem fara með skólabil geta fengið far með prest í að loknum kirkjuskóla. Frekari upplýsingar um kirkjuskóla gefur sr. Bolli á bolli@laufas.is

Guðspjónusta verður í Svalbarðskirkju sunnudaginn 4. október kl. 11.00.

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr, 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. og 15 eldhúsrúllur 3.800 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Næstu rusladagar:

24. september - Almennt sorp

1. október - Endurvinnsla

8. október - Almennt sorp

Sveitarstjórn hefur hug á að halda áfram að fegra umhverfið á Svalbarðseyri á næstu árum. Meðfylgjandi er skissa sem sýnir hvernig svæðið gæti litið út eftir nokkur ár. Endilega látið okkur vita hvað ykkur finnst.



SVALBARÐSEYRI
NÝR GÖNGUSTÍGAR OG LEIKSVÆÐI
ANJA MÜLLER 22.08.2015

Sameining Álfaborgar og Valsárskóla

Nú eru liðnar tvær vikur af samrekstri Álfaborgar og Valsárskóla. Þessar vikur hafa reynt talsvert á starfsfólk skólanna en á sameiginlegum starfsmannafundi var þó ekki annað að heyra en að allir ætluðu að gera sitt besta til að sameiningin gengi farsælega.

Nemendur skólanna eru að aðlagast breytingunni. Nemendur leikskólans eru að venjast nýju starfsfólki og nemendur grunnskólans að venjast því að leita að skólastjóranum sínum í fleiri en einni byggingu.

Í skólastarfinu höfum við gefið út sameiginlegt mánaðarskipulag þar sem Álfaborg og Valsárskóli hafa sameiginlega uppbrotsdaga (þegar þetta er skrifað er t.d. náttfatadagur í báðum skólum), sameiginleg söngstund á hverjum mánudegi og allir nemendur skólans eru í sameiginlegum þemaverkefni um líkamann. Þeir nemendur grunnskólans sem eru í vistun í Vinaborg eru í sameiginlegum val tímum með elstu nemendum leikskólans og 1. og 2. bekkur eru í tímum í grunnskólanum með tveimur elstu árgöngunum í leikskóla.

Ennþá er þetta samstarf algerlega á frumstigi en mér finnst það fara mjög vel af stað og ég lít bjartsýn á framhaldið.

Á degi læsis komu nemendur grunnskólans og lásu fyrir nemendur leikskólans og gekk það í alla staði mjög vel. Hér fyrir neðan eru nokkrar myndir af þeim degi.



Að lokum langar mig að þakka foreldrum og forráðamönnum nemenda fyrir umburðarlyndið í þessum breytingum og öllu samstarfsfólki sendi ég innilegt þakklæti og baráttukveðjur.

Inga Sigrún Atladóttir Skólastjóri Álfaborgar/Valsárskóla

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 20. október